

Fundur í stjórn foreldrafélagsins við Álfastein, haldinn 29. sept. 2015 á Álfasteini.

Mættar: Andrea, Halla og Hugrún fyrir hönd leikskólans.

Eitt mál var á dagskrá og var það að ákveða hvenær halda eigi aðalfund foreldrafélagsins. Í ár verður ekki haldinn kynningarfundur á starfi leikskólans að kvöldi til. Í stað þess verða kynningar að morgni okt og 7. okt. Finna þarf nýjan fundartíma fyrir aðalfund frá því sem verið hefur. Ákveðið að boða til aðalfundar foreldrafélagsins fimmtudaginn 7. okt kl. 16.15 - 17. Halla tekur að sér að útbúa auglýsingu og Hugrún hengir hana upp. Okkur vantar tvo nýja fulltrúa í stjórn foreldrafélagsins.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Halla ritaði fundargerð.

Aðalfundur foreldrafélagsins við Álfastein, haldinn 7. okt. 2015 kl. 16.15 á Álfasteini.

Mættar frá stjórn foreldrafélagsins Andrea og Halla. Auk stjórnar var Hugrún mætt fyrir hönd leikskólans og eitt foreldri.

Andra fór yfir rekstrarreikning og sagði frá starfi foreldrafélagsins síðasta ár.

Signý kom með tillögu að því að foreldrafélagið prentaði söngbók. Umræður um bingó.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Halla ritaði fundargerð.

Fundur í stjórn foreldrafélagsins við Álfastein, haldinn 29. sept. 2015 á Álfasteini.

Mættar: Andrea, Signý, Margrét, Inga, Halla og Huguín fyrir hönd leikskólans.

Umræður um jólagjafir, ákveðið að kaupa glös frá Ísey á 690 kr stk. Huguín tekur að sér panta.

Leikhúsfærð í Freyvangsleikhúsið. Ákveðið að setja upp auglýsingu vegna sýningarinnar Klaufar og kóngsdætur 28. nóv. kl. 14. Miðinn kostar 2800 kr., ef hópurinn nær 10 manns þá fæst miðinn á 2500 kr. og ef hópurinn nær 50 þá fæst miðinn á 2000 kr. Andrea tekur að sér að gera auglýsingu og hengja upp í leikskólann, Halla tekur að sér að hafa samband við tengiliðina í 1. - 4. bekk í Þelamerkurskóla.

Rætt um danskennslu. Huguín tekur að sér að heyrna í Ingunni Hallgrímsdóttur og athuga hvað hún tekur á tímann. Rætt um að foreldrafélagið greiði allan kostnað við danskennslu í stað þess að greiða hluta af foreldrar greiði hluta líkt og tíðkast hefur.

Umræður um söngbók með lögum sem sungin eru á Álfasteini; Signý tekur að sér að setja saman kver og ætlar að senda okkur í tölvupósti.

Umræður um að fá nemendur Tónlistarskóla Eyjafjarðar til að koma í leikskólann og spila fyrir nemendur en þeir hafa gert það annað slagið undanfarin ár. Einnig kom fram hugmynd um að fara með skólahóp í heimsókn á tónleika á vegum TE í næstu viku í Þelamerkurskóla.

Í lok fundar skipti stjórnin með sér verkum. Margrét er formaður, Andrea gjaldkeri, Inga og Signý eru meðstjórnendur og Halla ritari.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Halla ritaði fundargerð.

